

Umhverfis- og Auðlindaráðuneytið
Skuggasundi
101 Reykjavík



**MOUNTAINEERS
OF ICELAND**

Hverjir eru MOI:

Höfum verið með atvinnurekstur á hálendinu frá árinu 1996, þá fyrst með félaginu Fjallamenn ehf og Skálpi ehf frá árinu 2006 til dagsins í dag. Reksturinn hefur verið í landi Geitlands sem er friðland við Langjökul að vestanverðu og í Skálpanesi við Langjökul að austanverðu.

Álit:

Stjórn MOI finnst allt of bratt farið í hlutina með fyrirhugaðri stofnun Miðhálandisþjóðgarðs þar sem 32% af Íslandi liggur undir. Inni í þessari tölu er Vatnajökulsþjóðgarður og nokkur friðlönd. Það væri nær að taka þetta í smærri skrefum og sinna friðlöndunum fyrst og sjá hvernig það muni ganga fyrir sig.

Ljóst er að ferðaþjónustan mun ekki drífa hagkerfið áfram með sama krafti og verið hefur. Samdráttur er í heiminum almennt, vextir hafa lækkað verulega og eru neikvæðir víða erlendis. Sem veldur því að efnahagsmál eru víða í frosti.

Stjórnkefi Miðhálandisþjóðgarðs:

Okkur hugnast ekki uppstilling á stjórn fyrirhugaðs Miðhálandisþjóðgarðs. Svæðisstjórnir með sæti í stjórn þjóðgarðsins. Þar eiga sæti sveitastjórnir, félagasamtök og ferðaþjónustan. Heimamenn munu missa stjórn yfir sínum svæðum og munu lenda í minnihluta yfir sínum svæðum í stjórn Miðhálandisþjóðgarðs. Sé ekki hvaða erindi félagasamtök eigi í stjórnir þjóðgarða. Ferðaþjónustan vinnur í samkeppnisumhverfi og því óeðlilegt að sumir innan ferðaþjónustunnar lenda í stjórnnum en aðrir utan. Þetta fyrirkomulag mun alltaf vekja upp spurningar varðandi vanhæfi og vekja upp deilur varðandi sanngjarna úrvinnslu mála. Bændur hafa verið verið að nýta og græða landið frá landnámi. Þeir fá einn mann í svæðisstjórn sem er mikil skerðing.

Það þarf vart að taka það fram að fulltrúar sveitastjórna eru lýðræðislega kjörnir fulltrúar síns sveitafélags. Stjórn fyrirhugaðs þjóðgarðs verða það ekki, þeir munu sitja í valdamikilli stjórn á allt örðum forsendum en lýðræðislega kjörnir fulltrúar.

Stjórnin er of valdamikil þar sem hún getur breytt reglum við setningu nýrrar stjórnunar og verndaráætlunar. Þetta ákvæði ætti er vera í höndun æðra stjórnvalds.

Skipulagsmál:

Landskipulagsstefna er ekki nefnd í drögum um hugsanlegan Miðhálandisþjóðgarð og enn minna fer fyrir umhverfismati Skipulagsstofnunar. Hvergi er að finna staf um það að málið hafi verið tekið út með mati.

Aðgengi og samgöngumál:

Varðandi samgöngumál, þá hefur ekkert mátt gera í þeim málum á miðhálandinu, þar sem talið er að það muni skerða víðerni landsins. Ljóst er að núverandi vegakerfi mun ekki þola aukna umferð nema eitthvað verði gert í þeim málum. Mikil loftmengun er á vegum sem byggðir út gosefnum blönduðum brennisteinssýru. Ekki er minnst hver sé stefnan í miðhálandisvegkerfinu. Hvaða vegi eigi að byggja upp og hvort vegum verði lokað. Eins og ástandið er í dag, þá banna bílaleigur viðskiptamönnum sínum að aka bifreiðum þeirra um miðhálandið. Þar sem viðhaldi á vegakefinu er ábótavant.

Lagt er til að þjóðgarðsverðir og landverðir stýri umferð. Staðreyndin er hins vega sú að enginn getur stýrt eða stjórnað umferð nema lögreglan.

Lokaorð:

Mætti á kynningarfundum umhverfisráðherra varðandið Miðhálandisþjóðgarð á Hvolsvelli og í Aratungu. Ekki var hjá því komist að veita athygli að yfirgnæfandi andstaða var við málið á báðum stöðum.

Frumvarp um stofnun Miðhálandisþjóðgarðs er ekki í tengingu við önnur gildandi lög og vanreifað. Nefni til dæmis lög um þjóðlendur. Frumvarpið er ekki samhengi við gildandi reglur og ekki hæft til þinglegar meðferðar. Það eru margir liðir óútskýrðir og aðrir ekki liðir ekki nefndir. Það er mikið af götum í þessu og þess vegna þarf að vinna miklu meira í þessu.

Virðingafyllst.

Herbert Hauksson

stjórnarf. MOI